

## AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016,  
Brautarholt - þéttbýli.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 6. apríl 2006.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Blandað athafna-, verslunar- og þjónustusvæði næst Þjóðvegi fellur brott.
2. Þjónustusvæði Þ7 fellur brott, þjónustusvæði Þ1 stækkar til norðvesturs og þjónustusvæði Þ3 stækkar til suðurs og austurs.
3. Verslunar- og þjónustusvæði V1 minnkar um 0,6 ha og breytist í 0,6 ha blandað athafna-, verslunar- og þjónustusvæði.
4. Opið svæði til sérstakra nota O1 stækkar um 1 ha og verður 4,7 ha að stærð.
5. Gert er ráð fyrir nýju 1 ha íbúðarsvæði vestan við núverandi íbúðarsvæði ásamt stækkun íbúðarsvæðis sunnan verslunar- og þjónustusvæðis V1. Heildaríbúðarsvæði verður alls 4 ha að stærð.
6. Gert er ráð fyrir nýju 0,22 ha iðnaðarsvæði undir hreinsistöð syðst í Brautarholti.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 4. október 2010.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*